

**273. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu, Reykholti,
7. janúar 2021 , kl. 15:15.**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson , Valgerður Sævarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Agnes Geirdal , Óttar Bragi Þráinsson , Kolbeinn Sveinbjörnsson , Guðrún S. Magnúsdóttir , Róbert Aron Pálmason , Axel Sæland og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

Fundinn sátu í Aratungu Helgi Kjartansson, oddviti, og Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri. Aðrir fundarmenn tóku þátt í gegnum fjarfundabúnað. Leitað var afbrigða til að taka á dagskrá beiðni Reykjavíkurborgar um námsvist í Bláskógaskóla Reykholti fyrir barn sem er með lögheimili í Reykjavík. Var það samþykkt samhljóða og verður mál nr. 22 á dagskrá fundarins.

1. Fundargerð skipulagsnefndar - 2001006

208. fundur skipulagsnefndar, haldinn 22. desember 2020, afgreiða þarf sérstaklega mál nr. 1 til 3.

-liður 1, Snorrastaðir II; Stóruskógar; Deiliskipulagsbreyting - 2006007

Lögð er fram deiliskipulagsbreyting fyrir Snorrastaði II, Stóruskóga eftir auglýsingu.

Athugasemdir og umsagnir bárust vegna málsins á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram til afgreiðslu ásamt uppfærðum deiliskipulagsupprætti.

Umsagnir og athugasemdir bárust vegna málsins sem snúa m.a. að skilgreiningu Kónsvegar innan deiliskipulagsins. Í gildandi deiliskipulagi er lega Kónsvegar skilgreind um svæðið.

Með auglýstri breytingu er hann felldur út úr deiliskipulaginu. Fram kemur í umsögn

Minjastofnunar að vegurinn hafi ekki verið skráður í skráningarskýrslu sem gerð var við aðalskráningu fornleifa í Bláskógabyggð I, sem tekur til Laugarvatns og Snorrastaða.

Minjastofnun telur að þrátt fyrir það megi ætla að vegurinn liggji um svæðið, eins og fram kemur innan gildandi deiliskipulags. Minjastofnun mælist til þess að fornleifafræðingur verði fenginn til að mæla upp legu Kónsvegar innan jarðarinnar Snorrastaða. Færa skuli þann hluta vegarins sem liggur um svæðið inn á uppdrátt deiliskipulagsbreytingar. Minjastofnun óskar jafnframt eftir því að fá tillögu að breytingu deiliskipulags til sín til umsagnar aftur eftir að gögn hafi verið uppfærð. Skipulagsfulltrúi óskaði eftir viðbrögðum umsækjenda vegna umsagnar Minjastofnunar sem taldi ekki ástæða til frekari viðbragða. Sveitarstjórn mælist til þess að gögn málsins verði uppfærð þar sem gert verði grein fyrir legu Kónsvegar á skipulagsupprætti. Afgreiðslu eftir auglýsingu er frestað.

-liður 2, Ketilvellir lóð (L167815); umsókn um byggingarleyfi; sumarbústaður - viðbygging - 2009086

Fyrir liggur umsókn Björns Helgasonar fyrir hönd Halldórs Guðbjarnarsonar, móttokin

24.09.2020 um byggingarleyfi til að byggja við sumarbústað 41,5 m² á sumarbústaðalandinu Ketilvellir lóð (L167815) í Bláskógabyggð. Heildarstærð sumarbústaðs eftir stækkun verður 107,3 m².

Sveitarstjórn vísar málinu aftur til skipulagsnefndar.

-liður 3, Frístundasvæði við Faxa í landi Heiðar 1 L173711; Faxabúðir; Nýtt staðfang - 2012024

Lögð er fram umsókn Mörtu Sonju Gísladóttur, dags. 15. desember 2020, er varðar beiðni um

samþykki á nýju staðfangi innan deiliskipulags frístundasvæðis við Faxa í landi Heiðar. Lóðir innan svæðisins bera allar staðfangið Heiði lóð ásamt viðeigandi hlaupandi númeri. Í breytingunni felst að óskað er eftir því að heiti allra lóða á svæðinu verði breytt úr Heiði lóð í Faxabúðir en beri áfram sömu númer.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir nýtt staðfang innan frístundasvæðis við Faxa í landi Heiðar. Skipulagsfulltrúa falið að senda út tilkynningu um breytt staðfang til lóðarhafa innan svæðisins.

Fundargerðin lögð fram til kynningar að öðru leyti.

2. Fundargerð umhverfisnefndar - 2001009

27. fundur umhverfisnefndar, haldinn 16. september 2020

Fundargerðin staðfest. Sveitarstjórn óskar eigendum Torfhúsanna á Einholtsmelum til hamingju með umhverfisverðlaunin.

3. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - afgreiðslufundur - 2001045

133. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, haldinn 16. desember 2020

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Fundargerð ársfundar byggðasamlags UTU - 2001005

Fundargerð ársfundar stjórnar byggðasamlags UTU haldinn 11. desember 2020, ásamt ársreikningi og ársskýrslu.

Fundargerðin lögð fram til kynningar, ásamt ársskýrslu og ársreikningi.

5. Fundargerð stjórnar Byggðasafns Árnesinga - 2001015

18. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga, haldinn 15. desember 2020.

9. fundur byggingarnefndar vegna Búðarstígs 22, haldinn 15. desember 2020.

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

6. Fundargerð stjórnar SASS - 2001007

565. fundur stjórnar SASS, haldinn 4. desember 2020.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

7. Ársþing SASS 2020 - 2009017

Fundargerð aðalfundar SASS, haldinn 29. og 30. október 2020

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

8. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2001022

892. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 11. desember 2020

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

9. Gjaldskrá Bláskógaveitu - 2010002

Gjaldskrá Bláskógaveitu fyrir árið 2021 (leiðrétting)

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána og felur sviðsstjóra og sveitarstjóra að ganga frá henni til birtingar.

10. Lántökur 2021 - 2101047

Tillaga um lántökur á árinu 2021 til samræmis við samþykta fjárhagsáætlun.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 110.000.000 með lokagjaldþaga þann 5. apríl 2034 í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggur fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

Sveitarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, verðbótum, auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar),standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr.

sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum sveitarfélagsins sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ástu Stefánsdóttur, sveitarstjóra, kt. 251070-3189, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Bláskógabyggðar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

11. Manntal og húsnæðistal 2021 - 2012030

Tilkynning Hagstofu Íslands, dags. 27. nóvember 2020, um að fyrirhugað sé að taka manntal á árinu 2021 með aðstoð sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

12. Áskorun um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum - 2012031

Áskorun Samtaka grænkerana á Íslandi, dags. 29.12.20, um skýr markmið varðandi framboð grænkerafæðis í skólum

Lagt fram til kynningar.

13. Samningur um hjólhýsasvæði Laugarvatni - 1912027

Framlenging samnings um umsjón með hjólhýsasvæðinu á Laugarvatni

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við rekstraraðila um umsjón með svæðinu þar til leigusamningar hafa runnið út og starfsemi verið hætt.

14. Umsókn um styrk með niðurfellingu fasteignaskatts 2021 - 2101031

Umsókn golfklúbbsins Dalbúa, dags. 18. desember 2020, um styrk í formi niðurfellingar fasteignaskatts af golfskála.

Beiðni golfklúbbsins um styrk í formi niðurfellingar fasteignaskatts var lögð fram ásamt fylgiskjöllum. Einnig var lagður fram samstarfssamningur frá 2010. Sveitarstjórn hafnar erindinu með vísan til samstarfssamnings aðila frá 2010, þar sem tiltekið er hvaða form er á styrkveitingum sveitarfélagsins til golfklúbbsins og tekið fram að ekki verði um frekari fjárveitingar að ræða á samningstímanum.

15. Uppbygging hjúkrunarheimilis - 2010006

Erindi Hrunamannahrepps, dags. 17. desember 2020, varðandi sameiginlegan vinnuhóp um að hjúkrunarheimili verði byggt í Uppsveitum Árnessýslu.

Sveitarstjórn tilnefnir Helga Kjartansson, oddvita, og Ástu Stefánsdóttur, sveitarstjóra, til setu í starfshópnum.

16. Starfsleyfi og fasteignagjöld vegna Austurbyggðar 26 - 2010027

Erindi Haraldar Arnar Haraldssonar, dags. 21. október 2020, varðandi heimild til að færa rekstur sem er á nafni einstaklings yfir á félag í eigu sama aðila.

Lagðir voru fram minnispunktar Haraldar frá október s.l. ásamt tölvupósti frá 5. janúar s.l., þar sem þess er farið á leit að ótímabundið leyfi til reksturs gististaðar í flokki III verði fært af nafni Haraldar yfir á Brekkugerði ehf. Einnig liggur fyrir bókun sveitarstjórnar um stefnumótun vegna endurnýjunar gistileyfa í íbúðabyggð frá 7. mars 2019, þar sem eitt af skilyrðum þess að sveitarstjórn veiti jákvæða umsögn fyrir áframhaldandi rekstri gistileyfisskyldrar starfsemi á svæðum sem ekki eru skilgreind sem þjónustusvæði í aðalskipulagi viðkomandi þéttbýlis sé að rekstraraðilar séu þeir sömu og áður. Með vísan til framangreinds hafnar sveitarstjórn framkominni beiðni.

17. Gatnagerðargjöld af lóðum með hátt nýtingarhlutfall - 2101046

Minnisblað sveitarstjóra um gatnagerðargjald af stórum lóðum með hátt nýtingarhlutfall.

Málið var rætt og sveitarstjóra falið að móta tillögu fyrir næsta fund.

18. Framlög til Tónlistarskóla Árnesinga 2021 - 2101034

Erindi Tónlistarskóla Árnesinga, dags. 30. desember 2020, varðandi uppfærða fjárhagsáætlun skólans vegna ársins 2021.

Erindi Tónlistarskólans var lagt fram. Sveitarstjóra er falið að taka saman kostnaðaráhrif breytinganna fyrir Bláskógabyggð.

19. Skáknámskeið á landsbyggðinni - 2101045

Erindi Birkis Karls Sigurðssonar, dags. 17. desember 2020, varðandi tveggja daga skáknámskeið fyrir ungmenni.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að ræða við bréfitara um útfærslu.

20. Umsögn vegna stofnunar lögbýlis - 2012014

Beiðni Hannesar Lentz, dags. 1. desember 2020, um umsögn um stofnun lögbýlis, Rollholt.

Umsókn Hannesar var lögð fram ásamt fylgigögnum. Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um stofnun lögbýlis á landinu Efra Apavatn 1, Rollholt lnr. 229 564, 23,7 ha að stærð, sem skilgreint er sem landbúnaðarland skv. aðalskipulagi.

21. Styrkbeiðni ABC barnahjálpar 2021 - 2101049

Erindi ABC barnahjálpar, dags. 5. janúar 2021, beiðni um styrk.

Sveitarstjórn hafnar erindinu.

22. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags - 2101053

Beiðni Reykjavíkurborgar, dags. 7. janúar 2021, um að nemandi með lögheimili í Reykjavík fái námsvist í Bláskógaskóla Reykholti út skólaárið 2020-2021.

Beiðni Reykjavíkurborgar var lögð fram. Sveitarstjórn samþykkir beiðnina, greiðsla taki mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

23. Frumvarp til laga um kosningalög, 339. mál. - 2101043

Beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 18. desember 2020, um umsögn um frumvarp til laga um kosningalög, 339. mál.

Athugasemdafrestur er til 12. janúar nk

Lagt fram til kynningar.

24. Frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna áhrifa Covid-19 á sveitarfélög - 2012032

Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 23.12.20, frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna áhrifa Covid-19 á sveitarfélög, birt í samráðsgátt.

Lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn telur þær breytingar sem felast í frumvarpinu vera jákvæðar, m.a. hvað varðar lengingu lögveðsréttinda.

25. Frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, 354. mál. - 2101041

Beiðni Velferðarnefndar Alþingis, dags. 17. desember 2020, um umsögn um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, 354. mál.

Umsagnarfrestur er til 11. janúar nk.

Lagt fram til kynningar.

26. Frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu, 355. mál. - 2101040

Beiðni Velferðarnefndar Alþingis, dags. 17. desember 2020, um umsögn um frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu, 355. mál.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 11. janúar nk.

Lagt fram til kynningar.

27. Frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, 356. mál. - 2101039

Beiðni Velferðarnefndar Alþingis, dags. 17. desember 2020, um umsögn um frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, 356. mál.

Umsagnarfrestur er til 11. janúar nk.

Lagt fram til kynningar.

28. Stofnun Þjóðgarðs á miðhálandinu - 1812008

Beiðni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 11. desember 2020, um umsögn um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, 369. mál.

Umsagnarfrestur er til 1. febrúar 2021 nk.

Umsagnarbeiðnin var lögð fram. Oddvita, sveitarstjóra, Guðrúnu S. Magnúsdóttur og Óttari B. Þráinssyni, sveitarstjórnarfulltrúa, er falið að vinna drög að umsögn fyrir næsta fund.

29. Tillaga til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu, 360. mál. - 2101051

Beiðni Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. desember 2020, um umsögn um tillögu til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu, 360. mál.

Umsagnarfrestur er til 12. janúar nk

Lagt fram til kynningar.

30. Viðauki við landsskipulagsstefnu 2015-2026 - 2011033

Tillaga að viðbótum við landsskipulagsstefnu. Áður á dagskrá á 271. fundi.

Umsagnarfrestur er til 8. janúar 2020.

Lögð er fram tillaga að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 til kynningar. Í viðauka stefnunnar felst ritun kafla um:

- Skipulag á haf- og strandsvæðum*
- Loftlagsmiðað skipulag*
- Staðarmótun og landslagsvernd*
- Heilsuvæna byggð og landnotkun*

Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar UTU þar sem fram kemur að nefndin telur að flest þeirra markmiða sem koma fram innan viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 séu jákvæð fyrir skipulagsgerð í þétt- og dreifbýli á Íslandi til framtíðar. Nefndin bendir þó á að ákveðin markmið stefnunnar geti haft veruleg áhrif á uppbyggingu í dreifbýli sé horft til þess að aðal áhersla uppbyggingar skuli beinast að þegar byggðum svæðum. Telur nefndin að byggð í dreifbýli þurfi að geta þróast á jákvæðan hátt m.t.t. viðkomandi markmiða um orkuskipti í samgöngum, áherslum á vistvæna mannvirkjagerð og staðarmótun og landslagsvernd. Samhliða hafa íbúar í dreifbýli meiri möguleika á því að vinna heima en áður með ljósleiðaravæðingu svæða sem helst í hendur við breytingar á vinnumarkaði samhliða fjórðu iðnbyltingunni. Það minnkar þörf fólks á að þurfa að sækja vinnu um langan veg þar sem aukning verður á atvinnutækifærum óháð staðsetningu. Í dreifbýli hafa íbúar meiri möguleika á að auka sjálfbærni með eigin ræktun og hafa að auki góðan aðgang að náttúrulegum svæðum sem gefur meiri möguleika á andlegri endurheimt og tækifærum til að ná fram lýðheilsu- og markmiðum utan vinnutíma. Hóflæg dreifð uppbygging byggðar með þessum áherslum án þess að um eiginlegan búskap sé að ræða getur því talist jákvæð þróun til framtíðar að mati nefndarinnar með fyrirvara um að svæðin séu í góðri tengingu við helstu þjónustu innan sveitarfélagsins. Nefndin telur að skoða þurfi stefnumörkun er varðar óbyggð víðerni með ítarlegri hætti.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar bendir jafnframt á að gera þurfi greinarmun á uppbyggingu byggðar í þéttbýli og dreifbýli, ekki er hægt að hafa sömu viðmið hvað það varðar.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að hinar dreifðu byggðir landsins geti byggst upp og fengið að þróast samhliða hugsanlegum breytingum í landbúnaði og tæknibreytingum. Þá vill

sveitarstjórn vekja athygli á því að skoða þurfi vel greiningu og kortlagningu á óbyggðum víðernum. Sveitarfélög þurfi að koma að þeirri vinnu og útfærslum með beinum hætti. Að lokum vill sveitarstjórn að það komi skýrt fram að Landskipulagsstefnan er til leiðbeiningar og að mið verði tekið af henni við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga. Skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögum og því megi ekki setja fram stefnu sem bindur skipulagsgerð þeirra um of. Sveitarstjórn gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við drög að viðbótum við Landskipulagsstefnu á þessu stigi málsins. Sveitarstjórn þakkar Skipulagsstofnun fyrir góða kynningu og aðkomu að breytingum að Landskipulagsstefnu 2015-2026.

31. Rekstrarleyfisumsókn Dalbraut 8 (220 6278) Samkaup - 2101037

Erindi Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 30. nóvember 2020, beiðni um umsögn um rekstrarleyfisumsókn vegna Dalbrautar 8, Laugarvatni, (fnr. 220 6278), leyfi til sölu veitinga í flokki II, veitingastofa og greiðasala. Umsögn byggingarfulltrúa liggur fyrir.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um útgáfu rekstrarleyfis í flokki II vegna Dalbrautar 8, Laugarvatni (fnr. 220 6278).

32. Rekstrarleyfisumsókn Eiríksbraut 4 (235 7666) - 2101038

Erindi Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 19. nóvember 2020, beiðni um umsögn um rekstrarleyfisumsókn vegna Eiríksbrautar 4 (fnr. 235 7666 mhl 01 og 02), sala gistingar í flokki II frístundahús. Umsögn byggingarfulltrúa liggur fyrir.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um útgáfu rekstrarleyfis í flokki II vegna Eiríksbrautar 4 (fnr. 235 7666 mhl 01 og 02).

33. Tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning - 2101035

Erindi Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. desember 2020, óskað er afstöðu sveitarstjórna til eins opinbers stuðningskerfis við leigjendur. Lokaskýrsla um tilraunaverkefni um sérstakan húsnæðisstuðning fylgir.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar telur jákvætt að einfalda stuðningskerfi við leigjendur, líkt og lagt er til í tillögu 1, og gerir ekki athugasemd við það að Samband Íslenskra sveitarfélaga hefji viðræður um fjárhæðir, fjármögnun, skiptingu kostnaðar eða aðra þætti sem þyrfti að útfæra. Verði ekki samkomulag um breytingar telur sveitarstjórn ábendingar í tillögu 2 vera góðra gjalda verðar og að það séu atriði sem gott væri að skoða nánar.

34. Styrktarverkefni Landgræðslunnar, yfirlit - 2012033

Erindi Landgræðslunnar, dags. 23.12.20, varðandi uppgræðsluverkefni í Bláskógabyggð (yfirlit).

Lagt fram til kynningar.

35. Jafnlaunavottun - 1908039

Staðfesting Jafnréttisstofu, dags. 16. desember 2020, á heimild Bláskógabyggðar til að nota jafnlaunamerkið.

Lagt fram til kynningar.

36. Héraðsvegur að bænum Heiðarbæ IV - 2101044

Tilkynning Vegagerðarinnar, dags. 15. desember 2020, varðandi samþykki fyrir héraðsvegi að Heiðarbæ IV, Bláskógabyggð.

Lagt fram til kynningar.

37. Ytra mat á leikskólum 2021 - 2011003

Tilkynning Menntamálastofnunar, dags. 15. desember 2020, um að ekki hafi reynst unnt að verða við umsókn um ytra mat á leikskólunum Álfaborg og Bláskógaskóla Laugarvatni (leikskóladeild).

Lagt fram til kynningar.

38. Tillögur velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga - 2101042

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 15. desember 2020, varðandi tillögur Velferðarvaktarinnar til stjórnvalda í mótvægisáðgerðum vegna Covid-19 faraldursins.

Lagt fram til kynningar.

39. Friðlýsing svæðis í verndaráætlun. Háhitasvæði Geysis. - 2003013

Erindi Umhverfisstofnunar, dags. 22.12.20, samantekt um umsögn um framkomnar athugasemdir við tillögu að friðlýsingu háhitasvæðis Geysis: 78 Geysir sem vísað hefur verið ásamt tillögu að friðlýsingarskilmálum til ráðherra skv. 2. mgr. 39. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lagt fram til kynningar.

40. Deiliskipulag fyrir fjallaskála - 1902048

Tilkynning Skipulagsstofnunar, dags. 15. desember 2020, um að deiliskipulag vegna Árbúða og Geldingafells skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Lagt fram til kynningar.

41. Fjölmiðlaskýrslur - 2101050

Fjölmiðlaskýrslur Bláskógabyggðar vegna árána 2017-2020

Lagt fram til kynningar.

42. Þvertrúarlegt dagatal 2021 - 2101033

Erindi Samráðsvettvangs trú- og lífsskoðunarfélaga á Íslandi, dags. 30. desember 2020, varðandi þvertrúarlegt dagatal 2021

Lagt fram til kynningar.

43. Trúarkenningar Votta Jehóva - 2101048

Erindi Árna F. Jóhannessonar, dags. 15. nóvember 2020, varðandi trúarkenningar Votta Jehóva, kynning fyrir ráðamönnum.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð var send fundarmönnum með tölvupósti og staðfestu þeir hana með sama hætti.

Fundi slitið kl. 16:35.

Helgi Kjartansson

Agnes Geirdal

Óttar Bragi Þráinsson

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Róbert Aron Pálmason

Axel Sæland

Ásta Stefánsdóttir
